

Nýjung í úthafskarfaveiðinni

Vestmannaey VE 54, fyrst íslenskra úthafskarfaskipa með Dynex Dux-grandara

Á úthafskarfaveiðunum undanfarin ár höfum við á frystitogaranum Vestmannaey VE 54 notað 1792 metra Gloríuflottroll til veiðanna. Við trollið notuðum við 225 metra langa grandara úr 22 mm stálvír og Poly-Ice-flottrollshlera sem voru 9,2 m², 2200 kg að þyngd.

Árangur á vertíðinni 2001 var í slakari kantinum og það var ljóst að við yrðum að endurnýja veiðarfærið ef við ætluðum ekki að dragast aftur úr í aflabrögðum og aflaverðmætum, miðað við önnur skip í veiðunum. Það var því úr vöndu að ráða að ákveða nýtt veiðarfæri sem gæfi betri afla, því við vorum með allt á útopnu í vélaraflí skipsins við að draga veiðarfærið á 400 faðma dýpi, á þeirri togferð sem æskileg er við veiðarnar.

Skipið

Vestmannaey er með minni skipum á úthafskarfaveiðunum, með 2300 hestafla vél með 28 til 30 tonna togspyrnu. Skipið var byggt í Japan árið 1973. Á því hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á liðnum árum til að styrkja rekstur þess og auka afköst.

Skipt var um aðalvél skipins árið 1987 og hefur hún enst mjög vel frá þeim tíma.

Nýtt veiðarfæri

Í vetur, þegar við fórum að huga að nýjum flottrollsbúnaði fyrir úthafskarfa-vertíðina 2002, var það ósk okkar á Vestmannaey VE 54, að kannaðir yrðu möguleikar á stærra og öflugra flottrolli til veiðanna en við höfðum verið með áður. Var því haft samband við Guð-



Það er allt annað að sjá Dynex Dux-grandarana raðast inn á tromluna.



Birgir Sverrisson skipstjóri á Vestmannaey.

mund Gunnarsson og Halldór Guðnason í Hampiðjunni og óskum okkar komið á framfæri. Þar var okkur afar vel tekið og hugmyndir ræddar ítarlega áður en ákvörðun var tekin í málinu.

Niðurstaðan varð sú að við ákváðum að festa kaup á léttri útgáfu af 2048 metra Gloríuflottrolli sem yrði ekki þyngra í drætti en gamla trollið. Jafnframt var ákveðið að kaupa nýja hlera við trollið og við völdum 10,2 m² Poly-Ice FLS-hlera sem vega 2400 kg hvor. Við gengum skrefinu lengra og ákváðum að festa kaup á 21 mm Dynex Dux-gröndurum, 225 metra löngum, ásamt bakstroffubúnaði, dauðuleggjum og leiðurum. Við höfðum heyrt af góðum árangri af notkun á Dynex í grandara hjá kolmunnaskipunum og okkur lék hugur á að nýta okkur þessa reynslu til að létta veiðarfærið hjá okkur enn frekar. Vestmannaey varð því fyrst íslenskra frystiskipa til að nota Dynex Dux-grandara til veiða á úthafskarfa.

Samanburður

Samanburður á 21 mm Dynex Dux og stálvírgröndurum leiddi eftirfarandi í ljós:

Tegund	Fjöldi og lengd	Heildarlengd	Þyngd í lofti	Þyngd í sjó	Slitþol tonn
22 mm Stálvír	4 x 225 m	900 m	1550 kg	1350 kg	27,9
21 mm Dynex Dux	4 x 225 m	900 m	258 kg	-20 kg	47,0



Flott hal af úthafskarfa

Taflan sýnir greinilega að það er gríðarlegur munur á þyngd þessara tveggja efna í sjónum, þar sem Dynex Dux-kaðallinn er með uppdrif en stálvírinn með 1350 kg sökkþunga. Einnig sést að slitþol Dynex Dux-kaðlanna er mun meira en stálgrandaranna.

Árangurinn

Því er ekki að neita, að þrátt fyrir þessar upplýsingar, vorum við örlítið smeykir um að veiðarfærið yrði of þungt í drætti vegna þess sem áður sagði, við vorum alltaf á útopnu með gamla útbúnaðinn. Það er óhætt að segja að ríkt hafi töluverð eftirvænting um borð, um það hvernig nýi búnaðurinn kæmi út hjá okkur, þegar við héldum af stað í fyrstu veiðiferð á úthafskarfanum, þann 17 apríl sl.

Óhætt er að segja að reynsla okkar af nýja veiðibúnaðinum hafi komið okkur skemmtilega á óvart.

Mun léttari í drætti.

Í stað þess að vera með allt á útopnu reyndist veiðarfærið mun léttara en við höfðum gert ráð fyrir. Það kom í ljós að við notuðum 200 hestöflum minna vélarafl við að toga trollið á 400 faðma dýpi og veiðni trollsins var allt önnur og betri en áður. Þetta þýddi það jafnframt að við notuðum um 500 lítrum minna af olíu á sólarhring, á toginu.

Sama togviralengd.

Við höfðum áhyggjur af því að hugs-



Frystitogarinn Vestmannaey VE 54.

anlega þyrftum við að nota mun meira af togvír til að koma trollinu niður á 400 faðma veiðidýpið, vegna léttleika grandaranna, en þær áhyggjur voru óþarfar. Það var varla marktækur munur þar á milli, hvort slaka þyrfti meiri togvír en við notkun stálgrandara. Trollið var mjög fljótt að skvera sig eftir að hlerum var slakað og það tók einungis um fimm mínútum lengri tíma að slaka trollinu á veiðidýpið miðað við vírgrandara. En þar á móti kom að við vorum miklu fljótari að lyfta trollinu ofar í sjónum, þegar þess þyrfti við.



Ofurtóg Dynex Dux.

Algjör bylting fyrir mannskapinn.

„Peyjunum“ fannst alveg rosalega létt og þægilegt að vinna með Dynex-bakstroffurnar og dauðuleggina, sem áður voru úr 19 mm keðju þar sem hver metri vegur um 8 kg. Þeim fannst það leikur einn að afgreiða trollið sem var alltaf snúningslaust þegar það var híft inn og í sjálfu sér þyrfti ekki að fylgja höfuðlínunni fram úr, eftir að trollsónarinn var fastur við höfuðlínuna. Það sást greinilega að höfuðlínun var skotklár aftan við skipið við útsökun. Annað sem breytti miklu var að það mynduðust engir snúnningar á mismunaleggjum og bakstroffum þegar hlerar stoppuðu í togrúllu og aðeins slaknaði á trollinu. Þarna mynduðust oftast miklir snúnningar áður, sem losa þyrfti um með gilsum til að ná gröndurunum klárum inn á nettromluna.

Minna álag á nettromlu.

Nettromlan hjá okkur er komin til ára sinna og ekki mjög aflmikil, sérstaklega ef gott hal er í pokaum. Áður þyrftum við oft að stoppa og jafnvel bakka til að ná inn gröndurunum og þá kom pokinn upp á yfirborðið rétt áður en vængendar komu í skutrennuna. Núna er þetta allt annað líf, við hífum Dynex-grandarana eins og ekkert sé og erum komnir aftur að höfuðlínusónar þegar pokinn gægist upp á yfirborðið.

Miklu fljótlega að afgreiða trollið

Þegar á heildina er litið, erum við miklu fljótari að afgreiða trollið vegna þess að það er var alltaf snúningslaust frá gröndurum aftur að trolli og trollpoka. Það er allt annað að sjá Dynex Dux-grandarana raðast inn á tromluna. Þeir leggjast mjög jafnt á tromluna með nýju stýringunum og trollið kemur hnífjafnt inn á vængendum. Þetta hefur allt sitt að segja, minni tafir leiða til þess að við náum fleiri togtímum og þar með meiri afla.

Sást ekki á Dynex Dux-gröndurunum.

Hampiðjumenn ráðlögðu okkar að fara yfir alla járn og stálkletti á trolldekkinu, þar sem grandararnir færu yfir við afgreiðslu á trollinu. Þetta var gert og þessir fletir slípaðir burtu. Jafnframt gættum við þess að hafa skutrennuhlíðið alltaf í hæstu stöðu og við það komust

grandararnir aldrei í snertingu við neðri brún skutrennunnar þar sem mikið mæðir á sérstaklega á botntrollsveiðum. Ég sagði líka við „peyjana“ að þeir yrðu að umgangast nýju grandarana eins og „spotta“ en ekki eins og stálvír sem að sjálfsgöðu þolir miklu meiri núning og harðari meðferð, við veiðar með botntrolli.

Eftir úthaldið í ár, sást nánast ekkert á Dynex-gröndurinum og erum við að vonast til að þeir endist í nokkur ár í við-

bót. Hins vegar hafa flest úthafskarfa-skipin þurft að skipta um grandara a.m.k. einu sinni á vertíðinni þannig að það er ljóst að Dynex-grandararnir eru að borga sig upp og vel það, ef tekst að meðhöndla þá eins Hampiðjan mælir með.

Ánægðir með aflabrögðin.

Mestu skiptir að við vorum mjög sáttir við aflabrögðin á úthafskarfamíðunum í sumar. Við fórum þrjár veiðiferðir og afl-

inn varð alls 1550 tonn af karfa upp úr sjó, veiddur á átta vikum. Lögðum af stað í fyrstu veiðiferðina 17 apríl og enduðum þá síðustu 17 júní sl. Aflaverðmæti úthafskarfans varð alls um 130 milljónir kr. Við getum ekki annað en verið mjög ánægðir með árangurinn í ár og þökkum það góðum veiðarfærum frá Hampiðjunni, þar sem allt small saman eins og best verður á kosið, frá hlerum aftur að poka.


Birgir Sverrisson

Helix - ný kynslóð þankaðla

Fyrsta kynslóð þankaðlanna hefur nú runnið sitt skeið. Grunnkaðallinn í eldri gerðinni var snúinn nælonkaðall og þanáhrifin fengin með því að snúa saman á sérstakan hátt tvo slíka kaðla. Þessi útfærsla af þankaðlinum hefur almennt reynst vel en hefur engu að síður haft nokkra vankanta. Þar má helst nefna hversu tímafrekt það er að setja upp flottroll úr samansnúnum köðlum því ekki aðeins þarf að splæsa hvern legg heldur eru tvö splæs í hverjum enda leggsins. Einnig hefur það sýnt sig á stærstu og öflugustu flottrollsskipunum, sem eðli málsins samkvæmt reyna mest á trollin, að samansnúna kaðlinum hættir til að fara úr jafnvægi og bæta á sig aukasnúðum sem auðveldlega skapa frekari flækjur. Flækja og aukasnúðar í einum þætti valda því að viðkomandi leggur stytst og þegar álagið kemur á trollið þá leggst það fyrst á stystu leggina og í verstu tilfellum láta þeir undan og slitna.

Þessi vandamál eru nú leyst til fram-búðar með nýrri gerð af þankaðlinum sem við höfum valið að kalla Helix út af þættinum sem látinn er snúast utan um kaðallinn. Helix þýðir einmitt spírall eða hvirfing og af því er nafnið dregið. Helix-kaðlinum svipar til þeirra kápufléttuðu kaðla sem hafa reynst afar vel í Gloríukarfatrollin undanfarin ár og þótt bera af öðrum köðlum notuðum í sama tilgangi. Helix-kaðallinn er verndaður með einkaleyfi og Hampiðjan er eini aðilinn sem hefur leyfi til að framleiða slíkan kaðal.

Þróun kaðalsins var vandasöm og



Þróun Helix kaðalsins var vandasöm og tímafrek.

tímafrek. Taka varð ríkt tillit til straumfræðimælinga er sýna þanáhrifin og togviðnámið og fella hönnun kaðalsins að þeim niðurstöðum svo allt gengi upp sem ein heild. Samsetning kápuþefnis, þéttleiki fléttunnar og snúður spíralsins er því útreiknað, mælt og útfært til þess að hámarka alla æskilega eiginleika. Bæði kjarni og kápa eru fléttuð sem tryggir að kaðallinn er ávallt í jafnvægi og bætir hvorki á sig snúningum eða yfirfærir snúninga á aðliggjandi leggi. Annað sem er afar mikilvægt er stífleiki Helix-kaðalsins því mun minni hætta er á flækjum og trollið greiðir sig betur en ella. Margir fleiri kostir fylgja þessari útfærslu og má sem dæmi nefna að litamerkingar geta verið ítarlegar og hægt er

að sýna með þeim séreiginleika hvers kaðals. Þessu til viðbótar er nú hægt að framleiða mismunandi eðlisþyngdir af þankaðlinum líkt og hefur verið gert í kápufléttuðum köðlum fyrir karfatrollin.

Þaneiginleikar Helix-kaðalsins eru meiri en í samansnúnu nælonköðlunum og mælingar hafa sýnt að þankrafturinn er allt að fjórfaldur miðað við eldri gerðina. Aukinn þankraftur nýtist aðallega við að halda trollinu opnara þegar því er slakað út og við hliðarstraum og í beygjum og það verður því stöðugra og auðveldara í notkun að öllu leyti.


Hjörtur Erlendsson

Þantæknin hefur sannað sig enn og aftur

Nýr Helix -þankaðall.

Þróun Glóriutrolla Hampiðjunnar er í fullum gangi og nú er nýr þankaðall kominn á markað sem margir hafa beðið eftir, og hefur hann hlotið nafnið Helix. Þessi nýjung í flottrollsköðlum leysir af hólmi fyrstu kynslóð þankaðla sem gerðir voru úr tveimur samsnúnum nælonköðlum. Nýi kaðallinn hefur marga kosti umfram þann gamla, helstu kostirnir eru þeir að nú er búið að koma þantækninni í einn kaðal í stað tveggja áður, við þetta myndast meiri þankraftur og minna viðnám. Þess má geta að nýi kaðallinn er unninn upp úr Glóriukaðlinum sem notaður hefur verið til margra ára í karfatrollum Hampiðjunnar með góðum árangri en þantækninni hefur verið komið fyrir í honum.

Seld hafa verið sex Glóriuþantroll úr Helix-kaðlinum í jafnmörg skip hér við Ísland til kolmunna síld- og karfaveiða; þessi skip eru Börkur, Hoffell, Þorsteinn, Bjarni Ólafsson og Faxi, og eru skipstjórar þeirra skipa sammála um að veiðarfærið skili meiri fiski en önnur troll; hafa



þeir sérstaklega tekið fram ágæti þess hversu létt og meðfærilegt sé að vinna trollið, opnun mun betri og léttara í drætti. Einnig er verið að þróa sömu tækni fyrir karfaveiðar og hefur Venus verið að nota nýtt Helix-troll seinni hluta sumars; eru bundnar vonir við að þessi tækni muni einnig koma vel út fyrir karfaveiðar.


Nýtt 1280 metra loðnu- og síldartroll

Á síðustu loðnuvertíð kom Hampiðjan með nýja gerð af Glóriutrolli 1280 metra í ummál með nýrri loðnuútfærslu sem kom mjög vel út á síðustu vertíð. Skipin sem notuðu þessa gerð fyrst voru Bjarni Ólafsson og Faxi og voru skipstjórar þeirra mjög ánægðir með árangurinn, nánast enginn ánetjun var í belgtrollsins sem var vandamál áður og vann trollið mjög vel í alla staði. Einnig hefur verið unnið að nýrri gerð poka með straumneti sem gefur mun betra gegnumstreymi og eru þær tilraunir enn á þróunarstigi.

Öflug vöruþróun

Hampiðjan hefur alltaf leitast við að gera betur á öllum sviðum veiðitækninnar og er öflug vöruþróun og náð samstarf við notendur veiðarfæranna lykillinn að þeirri velgengni sem Hampiðjan hefur náð á undanförunum áratugum, segir Haraldur Árnason.

Haraldur Árnason



Gloria Helix H₂O



Börkur NK 122



Hoffell SU80



Bjarni Ólafsson AK70



Faxi RE9



Thorsteinn EA810

Sterkt, sterkara, sterkast ...



Hjörtur Erlendsson (t.v.) og Haralður Árnason við kefli af Dynex Dux-grandaraefni sem er verið að framleiða fyrir síldarvertíðina.

Þróun í ofurtógum hefur verið hröð undanfarin ár og enn getum við kynnt nýjung sem tekur öðrum gerðum Dynex-tóga fram hvað styrk varðar. Þessi nýja gerð hefur enda fengið nafn við hæfi og er kölluð Dynex Dux enda er hún sterkari en önnur ofurtóg.

Í dag eru í boði þrjár grunngerðir af Dynex-tógum. Fyrst ber að nefna Dynex 60 sem er fyrsta gerð tóganna sem Hampiðjan hóf framleiðslu á um 1990 og er byggt á Dyneema SK60. Þegar DSM markaðsetti Dyneema SK75 fylgdi strax í kjölfarið viðbótargerð af Dynex-tóginu og ber það að sjálfsögðu nafnið Dynex 75. Nýjasta gerðin af Dynex-tógum er síðan Dynex Dux. Þar kemur ekki til nýr þráður frá DSM heldur er byggt á sérstakri framleiðsluaðferð þar sem kaðallinn er meðhöndlaður í háum hita og undir miklu átaki. Við þessa meðferð breytast eðliseiginleikar tógsins

mikið, styrkurinn eykst frá 20% upp í 43% í grennstu gerðunum og teygjan fer úr 6% í nýju tógi niður í 3%. Það að teygjan er minni en áður hefur þekkt gerir niðurmælingu á lengdum einfaldari en áður því ekki þarf að gera ráð fyrir lengingu í notkun sem verður ófrávikjanlega í tógum sem ekki hafa verið forstrekt. Dynex Dux-kaðallinn er mjög þéttur í sér og stífleikinn er mun meiri en í öðrum Dynex-köðlum. Yfirborðið er afar slétt og sleipt og þolir betur núning en í öðrum gerðum. Dynex Dux er framleitt í björtum appelsínugulum lit til aðgreiningar frá öðrum tegundum Dynex-tóga.

Þótt komin sé ný gerð á markaðinn þá er hún viðbót við það sem fyrir er en kemur ekki í staðinn fyrir annað nema að einhverju leyti. Hver gerð hefur sinn kost og hver velur það sem hentar hverju sinni. Þannig er Dynex 60 hentugt þar

sem frekar er þörf á sverleika til að taka nudd og skurðarálág. Dynex 75 þar sem þörf er á miklum styrk og þvermálið verður að vera sem minnst. Dynex Dux er hentugt þar sem mikið reynir á styrk en þvermálið verður að vera í algjöru lágmarki og stífleikinn nýtist til að koma í veg fyrir flækjur og tryggir góða röðun inn á vindur.

Hver þessara tegunda er síðan boðin með mismunandi íburðarefnum, þéttari fléttu og kjarna eða kápu til þess að notandinn fái bestu mögulegu útfærslu fyrir sína notkun. Fjölbreytileiki Dynex-tóga Hampiðjunnar er mikill og telja má fram 19 mismunandi gerðir. Er óhætt að fullyrða að enginn annar framleiðandi hvorki getur boðið né vill bjóða upp á viðlíka úrval enda viljum við tryggja að hver kaupandi fái nákvæmlega það sem hann þarf í sína notkun.

Hjörtur Erlendsson

Tvær nýjar tegundir Poly-Ice-togghlera hafa komið á markaðinn á síðustu mánuðum. Annars vegar Víking-botnhlerar og hins vegar Sputnik-flottrollshlerar



Víkings-botntrollhlerar.

Víking-hlerar

Víking hlerarnir eru botnhlerar hannaðir til notkunar við erfiðar aðstæður. Þeir eru kraftmiklir og sterkbyggðir og hafa notið mikilla vinsælda hér heima sem erlendis.

Reynslan sýnir að vegna þanhæfni hleranna, geta skip komist af með allt að tveim stærðum minni Víking-hlera en eldri tegundir og samt haldið sama hlerabili og trollinu opnu. Auk mikils þankrafts hleranna, eru þeir líka léttir í drætti sem minnkar viðnám þeirra og dregur út olíuþörf.

Mörg innlend og erlend rækjuskip nota Víking-hlera með mjög góðum árangri. Tæp 50 þör hafa verið seld til innlendra togskipa sem er gott dæmi um vinsældir þeirra og góður árangur skipa með Víking á grálúðuveiðum undirstrikar það enn betur.

Víking-hlerar henta einnig mjög vel til rækjuveiða og mörg minni skipanna hér heima eru mjög ánægð með reynslu af notkun þeirra vegna stöðugleika, léttleika á togi og í upphíngu.

Rækjutogarinn Pétur Jónsson er í fyrsta túr með Víking-hlera á Flæmska hattinum. Hlerarnir eru 16,5 fermetrar að stærð og 6200 kg að þyngd. Fyrstu

viðbrögð eru mjög góð og segir Pétur Stefánsson skipstjóri hlerana „framar hans björtustu vonum, þeir eru mun öflugri en fyrri hlerar.“

Víking-hlerar eru einnig mjög vinsælir



Sputnik-flottrollhleri í köstum.

erlendis. M.a. á Spáni höfum við selt yfir 100 þör á síðasta einu og hálfu ári og vinsældir þeirra fara vaxandi með hverjum mánuði.

Sputnik-hlerar

Nýjasta gerð Poly-Ice-togghlera er Sputnik-hlerarnir sem ætlaðir eru til uppsjávarveiða. Sputnik er sambland góðra eiginleika FHS-flothleranna og El Cazador-hleranna. FHS-hlerarnir eru kraft-

mestu flottrollshlerar sem mældir hafa verið og eru notaðir af yfir 90% þeirra skipa sem stunda úthafskarfaveiðar. El Cazador-hlerarnir hafa gefið mjög góða raun við flottrollsveiðar en mörg þör eru í notkun í Alsaka og Okhotskhafi. Flest skipanna í Chile sem stunda bæði veiðar í flottroll og botntroll nota El Cazador, svo og öll skip Sjólaskipa í Míritaníu.

Tilgangur með Sputnik-hleranum er að ná fram þankrafti FHS-hleranna og stöðugleika El Cazador hleranna. Hér heima eru uppsjávarskipin Hákon og Áskell með Sputnik-hlera sem hafa komið mjög vel út við uppsjávarveiðar.

Eitt skipa Parlevliet & van der Plas í Hollandi, Jan Maria, notar Sputnik-hlera á síld og kolmunnaveiðar. Í fyrsta túr á síldveiðum í Norðursjó, gáfu Sputnik-hlerarnir þeim mun betri opnun á trollið enda komu þeir út meiri vír heldur en með frauðfylltu hlerunum. Þeir voru við veiðar á 60 metra dýpi og fengu 115 metra hliðaropningu á trollið með meira en 500 metra af vír úti.

Lítið viðnám Sputnik-hleranna hefur komið bæði okkur og skipstjórum verulega á óvart. Skip virðast getað skipt út minni hlerum fyrir Sputnik-hlera, fengið mun meira hlerabil við umtalsvert minna viðnám. Þar sannast að stærri hlerar eru oftar en ekki hentugri í marga staði, hægt er að nota þá í minna skurðarhorni sem minnkar viðnám við drátt togghleranna og þeir halda þess í stað trollinu betur opnu. Þá er það ótvíræður kostur við El Casador- og Sputnik-hlerana, þegar fiskað er mjög ofarlega í sjónum, að þeir tapa aldrei þankraftinum, ef efri hluti hleranna kemur upp á yfirborð sjávar á togi.

Síðan fyrsta parið var afgreitt í lok síðasta árs, þá eru á annan tug para komin í notkun, hér heima við uppsjávarveiðar á síld og loðnu, við Alaska á ufsaveiðar og við Míritaníu við veiðar á makríl og sardínu.

Atli Jósaftsson

Standard PE

Þær gerðir af PE- (pólýetýlen) neti sem Hampiðjan hefur framleitt til þessa, Magnet Grænt og Magnet Grátt, eru byggðar á því að hámarka einstaka eiginleika. Þannig er Magnet Grænt sérstaklega hannað til þess að þola nudd og Magnet Grátt til að hámarka slitþolið í netahnút og þar með lágmarka togmótstöðuna. Þessu til viðbótar eru neta- tegundirnar Nylex (nælon), sem hefur mikla teygju og Dynex (Dyneema) sem slær öllum öðrum efnum við í styrk.

Þótt plastgrunnefnið í pólýetýlennetinu hafi samheitið PE er ekki þar með sagt að allt sé byggt á sömu tegundinni. Til eru margar mismunandi tegundir og þar að auki er hægt að framleiða úr hráefninu á mismunandi hátt. Þess vegna er mögulegt að þróa ákveðnar gerðir af garni og neti sem hafa ákveðna og mismunandi eiginleika. En ekki er alltaf þörf á því að hafa nuddþolið net með miklum styrk. Stundum er einungis þörf á ódýru neti úr ódýru hráefni því það er



notað á staði þar sem ekkert reynir á, eða þvert á móti notað þar sem það slitnar hvort sem er, hversu veikt eða sterkt sem netið er í byrjun. Þess vegna er nauðsynlegt að skilgreina fleiri höfuðeiginleika en nuddþol, styrk og mótstöðu. Verðið er slíkur eiginleiki. Til þess að geta boðið allar þær netagerðir sem þörf er á höfum við bætt við einni tegund enn sem mætir þessari þörf á markaðinum. Þörfinni fyrir ódýrt net á lágu verði, en samt með viðunandi slitstyrk og nuddþol, afgreitt eftir pöntunum beint af lager eða sérframleitt ef þörf er á afgreiðslutímans vegna. Þar sem þessari neta- tegund er fyrst og fremst ætlað að mæta

þessum grunnþörfum er nafnið lýsandi fyrir eiginleikana og hefur það einfaldlega verið nefnt Standard PE.

Netið er framleitt í tveim algengustu sverleikunum sem notaðir eru, einföldu og tvöföldu 4 og 6 mm.

Það er því engin nauðsyn lengur að safna upp í stórar pantanir og liggja síðan með birgðir á lager um ótiltekna og síbreytilega framtíð. Slíkt er óskilvirkt, tímafrekt og ávinningurinn er vissulega óviss þegar allt er talið til svo sem fjár- binding og fleira því tengt.

Hjörtur Erlendsson


Sparnaður í neti

Það að spara í neti er hugsun sem er kannski ekki alltaf uppi á borðinu og er kannski horft fyrst á kílóverð á netinu ef fólk er í þeim hugleiðingum.

Aðrar hliðar á þessari hugsun er ef það er hugsað til lengri tíma og horft á hluti eins og endingu á neti og svo viðnám og hvað er hægt að spara t.d. í olíu.

Til gamans höfum við sett upp dæmi


(hér til hliðar) með sama botntrollinu en með mismunandi gerðum af neti, PE-net (þetta græna), Magneti og Dynex-neti. Við settum upp 3 model og gerðum tog- mælingar á þeim í tilraunatankinum í Hirtshals á síðasta ári og þá kom í ljós mikill munur á viðnámi trollana. Dynex- útfærslan var léttust, Magnet-útfærslan var 14% þyngri en PE-útfærslan 35%



þyngri en Dynexið. Trollin voru sett upp með sterkari garni í vængendum og undirbyrði en svo léttara neti í hliðum og yfirbyrði í Magnet- og Dynex-útfærslunum eins og þetta væri útfært við raunað- staður.

Við settum svo upp dæmi þar sem var reiknað með 150 dögum á veiðum, 200 og 250 dögum. Aðrar forsendur eru þær að að meðaltali er togað í 16 tíma á dag og verð á olíunni 28 krónur lítrinn. Eyðslan á léttasta trollið (Dynex) er mið- uð við 300 l /klst.

Af þessu má sjá að mesti sparnaðurinn á ári er 11,8 milljónir króna ef togað er í 250 daga miðað við léttasta og þyngsta trollið.



Kviknaði á fyrsta pung eftir 2 mínútur og 55 sekúndur!



Gísli Runólfsson skipstjóri.



Bjarni Ólafsson AK 70.

Bjarni Ólafsson AK 70 með nýtt flottroll og poka til loðnuveiða.

Loðnuveiðar í flottroll hafa verið að þróast hjá íslenska loðnuflotanum undanfarin ár. Nokkur skip fengu tilraunaleyfi fyrstu árin, en í ár veiddu flest þau skip sem eru með flottrollsbúnað loðnuna í flottroll í vertíðarbyrjun í janúar og febrúar, áður en loðnan gekk upp á grunnmiðin suðaustur af landinu. Loðnan hefur staðið það djúpt í vertíðarbyrjun að illa hefur gengið að veiða hana í snurpunót og var ástandið stundum þannig að engin loðna barst á land fyrr en seint í febrúar. Áætlað er að allt að 150 þúsund tonn hafi veiðst af loðnu í flottroll á vetrarvertíðinni 2002.

Hampiðjan hefur tekið virkan þátt í þróun flottrolla til loðnuveiða og er óhætt að fullyrða, að þróunin hafi leitt til þess að nú er nánast engin ánetjun í afturneti trollanna. Pokarnir hafa einnig tekið breytingum og eru þeir í dag mun víðari að framan en áður. Við það fer loðnan auðveldar aftur í pokann og það hjálpar einnig við að minnka ánetjunina. Loðnan er torfufiskur og kemur inn í trollið í miklu magni og safnast þar fyrir þegar fer að þrengja að henni í afturbelg trollsins.


Loðnuskipið Bjarni Ólafsson AK 70 fékk afhent nýtt 1280 metra Gloríuflottroll og poka til loðnuveiða frá Hampiðjunni laugardaginn 3. febrúar sl. Skipið var komið á miðin á sunnudagsmorgni og náði að fylla sig og var komið inn á mánudeginum með 1400 tonn. Var síðan aftur inni á Seyðisfirði á fimmtudeginum 7 febrúar, aftur með fullfermi.

Í samtali við Gísli Runólfsson skipstjóra á sunnudeginum 9. febrúar, sagðist hann vera rosalega ánægður með ganginn í veiðunum með nýja veiðarfærinu og sagði að það væri búið að fiska í trollið fyrir 30 milljónir frá sunnudegi til fimmtudags. Hann sagðist einungis nota 250 lítra á klst. á til að halda 3,3 mílna togferð. Opnun á trollopinu væri að meðaltali 55 x 102 faðmar.

Hann sagðist nota 80 metra efri grand-ara og 88 metra neðri grandara og 600 kg lóð til að opna betur trollið í lóðréttri hæð. Þeir voru með 13 m² Poly-Ice FLS-herana í mesta skver núna en ætla að skipta yfir í miðskver í næstu veiðiferð.

Það væri allt annað að vinna þetta troll. Það færi inn og út viðstöðulaust, án nokkrurra vandræða. Trollið væri algjör loðnugleypir!

Pokinn kemur mjög vel út og það er ekkert mál að taka 300-400 tonna höl án áfalla. Hann er svo víður og langur (70 metrar) að það er ekkert mál hjá þeim að vinna við áðurnefnt magn af loðnu



hverju sinni. „Straumnetið” fremst í pokanum kemur vel út og það er engin á-
netjun í belgnum framan við pokann. Einstaka sinnum er ánetjun í 80 mm möskvanum ofarlega í belgnum, sem lík-

lega kemur til þegar þeir eru að hífa upp úr lóðningu.

Til marks um það hvað loðnan færi fljótar aftur í pokann, sagði Gísli frá því, að eftir að fyrsta lóðning kæmi inn á trollsónarinn á höfuðlínunni, liðu ekki nema 2 mínútur og 55 sekúndur þar til kviknaði á fyrsta pung aftast á nýja loðnupokanum miðað við 12 mínútur á gamla búnaðinum. Gísli sagðist ánægður með hvað hvað loðnan færi hratt aftur í pokann. Segist geta mælt með þessu trolli við hvern sem er án þess að hika hið minnsta.

Gudmundur Gunnarsson

Trollflottógið slær í gegn

Fyrir nokkrum árum hófum við framleiðslu á sveru flottógi sem fyrst og fremst var ætlað til notkunar á dragnætur í Noregi. Þar var hefðin að nota kúlur á vængina og höfuðlínuna en í mörgum tilfellum orsakaði það flækjur og slit á netinu í vængendunum. Það þarf ekki að undra því lengdin frá miðri höfuðlínu fram á vængenda er 60 metrar þannig að alls er um að ræða 120 metra og möskva-
stærðin er 300 mm og jafnvel 600 mm í sumum tilfellum svo ekki þarf mikið að breyta til að kúlan fari í gegn. Skemmst er frá því að segja að tilraunin tókst mjög vel og það sýndi sig að flotteininn í stað kúluna er góður kostur. Trollflotteinninn sem notaður er í dag er 60 mm í þvermál með uppdriftina 0,75 kg/m. Jafnhliða þessum sverleika er einnig boðið upp á 70 mm með 1,07 kg/m uppdrift og 100 mm með 2,03 kg/m. Flotið þolir mikið dýpi eða 1000 m. Þrátt fyrir þennan sverleika hefur tekist að gera flottógið mjög lipurt og sveigjanlegt og það leggst vel á tromlur.

Viðlíka vandamál voru til staðar í rækjutrollum þótt ekki sé hægt að líkja saman stærðinni. Þar þarf að lyfta upp belgnum og það hefur gjarnan verið gert með því að setja kúluradír eftir belglínunum við og fyrir aftan skilju. En eins og í dragnótunum vilja kúlurnar skemma netið og gerði það köstun trollsins tafsamari þannig að troll-



Trollflottógið er lipurt og sterkt og fer vel á tromlu.

flotteinninn er kærkomin lausn á því vandamáli.

Fyrstu rækjutrollin sem voru sett upp á þennan hátt voru gerð af Royal Greenland og Voninni í Færeyjum og nokkru síðar af Cosmos í Danmörku og Qalut Nuuk í Grænlandi. Varð reynslan mjög góð og er þetta nú orðin hefðbundin útfærsla hjá þessum veiðarfæragerðum á rækjutrollum.


Í Skotlandi er Jackson Trawls að reyna sverara trollflottóg, 100 mm, á höfuð-

línuendana á dragnótinni sem notuð er á bát Bremner feðga - Boy Andrew. Sú útkoma hefur einnig verið jákvæð og tekin hefur verið ákvörðun um að setja álíka á aðrar dragnætur.

Það verður því forvitnilegt að fylgjast með hvernig þessi notkun trollflotteinsins þróast áfram og það er okkur ánægju-
efni sjá hversu góðar viðtökur hann hefur fengið fram að þessu.

Hjörtur Erlendsson

Tankferðir vinsælar



Trolli í tanki.

Á síðasta ári var farinn hin vinsæla des-embertankferð, þetta var í tíunda sinn sem slík ferð er farin og hafa aldrei verið

fleiri þátttakendur eða um 85 talsins frá meira en 12 þjóðlöndum; komu skipstjórar og útgerðarmenn meðal annars

frá fjarlægum löndum eins og Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Suður-Ameríku og Afríku svo eitthvað sé nefnt.

Sýndar voru ýmsar trolltegundir ásamt hlerum. Flottrollin vöktu athygli sem oft áður og sýndu menn nýju þantrollunum mikinn áhuga ásamt mörgu öðru. Að þessu sinni var Scanmar með sýningu á sínum nýjungum og er þetta í annað skiptið sem þeir eru með í þessum tankferðum; hefur það mælst vel fyrir að fleiri koma að þessum tilraunadögum til að sýna það nýjasta í gerð fiskileitartækja.

Tankferð 2002 verður haldin í Hirtshals dagana 11-13. desember og verður lagt af stað þriðjudaginn 10. desember til Danmerkur og komið heim sunnudaginn 15. desember. Tankferðin verður auglýst nánar síðar og bréf sent út til skipstjóra og útgerðarmanna í október. Þeir sem hafa áhuga geta fengið frekari upplýsingar hjá trolldeild Hampiðjunnar í síma 530-33-00

Haraldur Árnason



Haraldur Árnason hjá Hampiðjunni útskýrir kosti nýju Helix-kaflanna fyrir Sturlu á Guðrúnu Gísladóttur, Gylfa á Hug og Leifi Þormóðs frá Samherja.



Örn Þorláksson

„Jón minn, það er nú bara þannig að hvert ár eftir fimmtugt er hreinn bónus“ sagði Örn við mig einn daginn eftir að hann hafði fylgt skóla-bróður sínum síðasta spölinn fyrir þennan sama dag. Mér varð litið á Örn, fimmtíu og þriggja ára gamlan samstarfsmann minn, stóran og sterk-an, og muldraði síðan eitthvað þess efnis að hann ætti örugglega mörg bónusár framundan. Þá líða fáeinir vikur og án nokkurs fyrirvara er Örn kvaddur burt af jarðvistinni. Smá-vægilegur hjartakvilli, að menn héldu, hafði náð að leggja þennan öfl-uga mann að velli.

Frá 1993 sinnti Örn lykilstarfi í söludeild Hampiðjunnar sem sölustjóri kaðla. Örn var léttur í lund, lífsglaður, skrafhreifinn, greindur og hlýr. Honum reyndist auðvelt að öðlast trúnað samstarfsmanna sinna og tryggð viðskiptavina. Glæðlegt viðmót, vítt faðmlag, hlýtt handtak, góðyrði og smitandi hlátur. Hver stóðst slíkt? Það var engin furða að Örn átti fleiri féлага, kunningja og vini en nokkur annar maður sem ég veit um.

Örn var heimsborgari og átti vini og kunningja út um allan heim. Tungumál voru honum auðveld viðfangs. Þýska, öll Norðurlandamálin og enska töluð hratt og fumlaust. Þannig leið viðmælandanum best – ef talað var á hans tungu. Örn taldi slíkt ekki eftir sér og samferðarmennirnir urðu vinir hans. Áhugi á heims-málum og pólitík var Erni eðlislægur. Jafnaðarstefnan var honum hjartfólg-in en eftir að foringinn, Jón Baldvin, settist á friðarstól og Alþýðuflokkur-inn varð að Samfylkingu – dró úr pólitískum áhuga Arnar. Um leið jókst áhuginn á heimspeki og æðri umhugsunarefnum lífs og tilveru.

Í lífshlaupi sínu reyndi Örn ýmis-legt og ekki allt auðvelt. Á vegi hans urðu brattari brekkur en flestir rata á.



Nokkru áður en hann hóf störf hjá Hampiðjunni tók Örn þéttingsfast í sína eigin tauma. Þegar hann hafði ákveðið að rétta af kúrsinn – þá var það gert í eitt skipti fyrir öll. Hálfkák var ekki hans stíll. Um áratug síðar var Örn keikari en flestir. Hann naut virðingar og trúnaðar á vinnustað, heimili þeirra Arnars og Ingibjargar í Grænuhlíðinni sem óvinnandi kastali og Helga dóttir hans orðin glæsileg ung kona. Allt sem Örn hafði stefnt að síðan hann herti taumhaldið var í hendi. Öllum markmiðum náð.

Það var rétt hjá Erni að hvert ár hér eftir yrði bónus.

Við samstarfsmenn Arnar í Hampiðjunni þökkum honum góð kynni og ljúfar minningar.

Jón Guðmann Pétursson

Betri blýteinar

Það er tvennt sem aðallega veldur vandkvæðum í notkun blýteina. Mjög algengt er að blýkaðlarnir séu ekki í jafnvægi (ballans) frá framleiðendum þannig að á þá koma hnakkabrögð eða að þeir snúa netinu upp á sig í notkun. Slíkt getur reyndar átt orsök í því hvernig tekið er upp úr rúllunni en þar sem flestir framleiðendur tilgreina núorðið vandlega hvernig það skuli gert með sína vöru er það orðið fátíðara. Hitt atriðið sem veldur vandkvæðum er ónógt nuddþol sem aftur leiðir til skamms endingartíma.

Undanfarin ár höfum við leitað leiða til þess að koma í veg fyrir þessi vandkvæði í notkun blýkaðlanna með því að reyna mismunandi efnablöndur og breyta uppbyggingu kaðlanna. Árangurinn hefur verið nokkur en ekki nógur að okkar mati og því höfum við haldið áfram við að fullkomna framleiðsluaðferðina.

Aðallega hefur þróunarvinna beinst að því að eftirmeðhöndla blýtogið eftir að venjulegu framleiðsluferli lýkur og nú hefur verið þróuð aðferð til að hitameðhöndla tógið undir átaki í gufu og heitu, þurru lofti. Þessi meðferð gerir þrennt. Í fyrsta lagi þjappast kaðallinn saman og fær jafnt og slétt yfirborð. Það gerir hann mun nuddþolnari en áður því nuddþolið eykst eftir því sem kaðallinn er fastari í sér. Þessu væri hægt að ná einnig með því að gera kaðalinn harðsnúnari en þá verður hann stífur og erfiður í splæsingu og notkun. Með hita- og gufumeðhöndluninni er hægt að fá fram kostina án þess að gallarnir fylgi með. Í öðru lagi jafnast þræðirnir í þáttunum út við meðferðina og slitþolið eykst. Í þriðja lagi nær blýkaðallinn góðu jafnvægi þar sem óæskilegir kraftar í þáttunum og milli þátta kaðalsins jafnast út. Orsökinni fyrir því



Neðri teinninn er af nýrri gerð og það má sjá greinanlegan áferðarmismun ef borið er saman við efra tógið á myndinni.

að snúðar bætist á eða fari af tóginu hefur því verið eytt og þar með minnkar hættan á hnakkabrögðum og netaflækjum.

Blýtóg framleitt með þessari aðferð hefur verð selt undanfarnar tvær vertíðir og umsagnir þeirra sem hafa notað það eru mjög jákvæðar; að sögn Þórðar Hallgrímssonar, sem sér um veiðarfæri hjá Vinnslustöðinni, hefur þetta tóg reynst í alla staði vel bæði hvað varðar meðhöndlun í landi og til sjós. Þórður telur að þetta tóg teygist minna en önnur tóg og er það vísbending um að hitameðferðin sem notuð er við framleiðsluna skili sér hvað þetta varðar. Brynjólfur ÁR 3 hefur notað hið nýja Kraft-blýtóg 22 mm frá september 2001 og fram í júní 2002.

Happasæll KE hefur notað 200 teina af þessari gerð frá september 2001 til ágúst 2002. Þeir eru á netum allt árið, þannig að talsverð notkun hefur verið á þessum teinum. Þeir feðgar Guðmundur Rúnar Hallgrímsson og Hallgrímur Guðmundsson eru sammála um að þessi nýja útgáfa af Kraft-blýtogi hafi staðið undir væntingum, þar sem tógið reynist núningsþolið og slitsterkt og engin spennan í því þannig að það snýr netinu ekki upp á sig. Þegar að endurnýjun kemur hika þeir ekki við að kaupa sams konar teina, segja þeir að lokum.

Gylfi Hallgrímsson og Hjörtur Erlendsson